

115 Staðfesting konungs á skipulagsskrá fyrir Minningarsjóð Sigurðar Pálssonar
13. sept. hjeraðslæknis, útgefin á venjulegan hátt að mandatum af ráðherra Íslands 13.
september 1912.

Skipulagsskráin er þannig:

Skipulagsskrá

fyrir Minningarsjóð Sigurðar Pálssonar hjeraðslæknis.

1. gr.

Sjóðurinn er stofnaður með 1000 kr. framlagi úr varasjóði sparisjóðs Sauðárkróks og gjöfum einstakra manna, og nefnist »Minningarsjóður Sigurðar Pálssonar hjeraðslæknis«.

2. gr.

Sjóðnum skal stjórnað af forstöðunefnd sjúkrahússins á Sauðárkróki og ávaxtaður í sparisjóði Sauðárkróks eða annari tryggri peningastofnun.

3. gr.

Í janúarmánuði ár hvert, í fyrsta sinn árið 1913, skal forstöðunefnd sjúkrahússins á Sauðárkróki úthluta allt að $\frac{2}{3}$ hlutum af ársvöxtum sjóðsins fyrir umliðið ár sem styrk til þess eða þeirra sjúklinga úr Skagafjarðarsýslu, er legið hafa á sjúkrahúsinu á hinu liðna ári, sem sakir fátæktar eða annara kringumstæðna þættu maklegastir styrks. Einn þriðji hluti ársvaxtanna að minsta kosti, og þær gjafir, er sjóðnum kynni að hlotnast, leggist árlega við sjóðinn og ávaxtist með höfuðstólnum, er aldrei má skerða.

4. gr.

Forstöðunefnd sjúkrahússins semji árlega reikning sjóðsins fyrir umliðið ár, og leggist reikningurinn árlega fyrir aðalfund sýslunefndar Skagafjarðarsýslu til yfirskoðunar.

Þannig samþykkt af stjórn sparisjóðs Sauðárkróks samkvæmt umboði aðalfundar sjóðsins 4. nóvbr. 1911.

Stjórn sparisjóðs Sauðárkróks 18. ágúst 1912.

Páll V. Bjarnason.

Arni Björnsson.

Kristján Blöndal.